

<b>Dags. fundar:</b> 18. febrúar 2010	<b>Tími:</b> 21:00	<b>Nr. fundar:</b> 3
<b>Fundarboðari:</b> Svanhvít G. Jóhannsdóttir.	Fundarritari: <b>Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir</b>	<b>Staður:</b> Grundarhverfi.

**Efni fundar:**

1. Skýrsla dómara nefndar.
2. Punktasöfnun dómara.
3. Verklagsreglur dómara nefndar SSÍ varðandi val á mótum erlendis fyrir FINA dómara hjá SSÍ.
4. Mót erlendis.
5. Ráðstefna dómara í Singapore, 3.-4. apríl 2010.
6. Námskeið fyrir dómara.
7. Vinnubækur og sundreglur á íslensku.
8. Nýtt merki og dómara bolir.
9. Félög sæki sér yfirdómara.
10. Í lok mótshluta.
11. Önnur mál.
  - a. Ný útgáfa talningablaðs.
  - b. Skjöl á heimasíðu SSÍ.
  - c. Umsókn.
  - d. Fleiri í dómara nefnd.
12. Næsti fundur.

**Viðstaddir:** Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Birna Björnsdóttir, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla dómara nefndar fyrir sundárið 2009-2010 er tilbúin og búið að senda hana til SSÍ. Sundþing SSÍ verður haldið 26. og 27. febrúar n.k.
2. Svanhvít á eftir að klára skráningu á dómara punktum frá nokkrum mótum. Thomas Fleckenstein, sem starfað hefur í nefndinni og séð um utanumhald á dómara punktum, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Munu Svanhvít og Ingibjörg sjá um uppfærslu á dómara punktum.
3. Svanhvít og Ólafur munu reyna að klára FINA lista nr. 16 fyrir miðjan mars. Yfirdómara nyrir Ólafur Baldursson, Birna Björnsdóttir og Gunnar Eiríksson hafa áunnið sér rétt til að komast á listann.
4. Svanhvít og Ólafur munu fara yfir hvaða dómara eiga rétt á að fara á Evrópumeistaramótið í Búdapest (EM) 4.-15 ágúst 2010 og á EMU í Helsinki 14.-18. júlí. Dómara af FINA listum 14 og 15 hafa rétt til að fara og þarf að ganga frá því sem fyrst, helst í vikunni eftir sundþing. Til að komast á alþjóðlegan lista þarf íslenskur dómari að starfa sem yfirdómari í 3 ár. Í Noregi þarf dómari að starfa sem yfirdómari í 10 ár. Listarnir eru á slóðinni [http://www.fina.org/project/index.php?option=com\\_content&task=blogcategory&id=28&Itemid=117](http://www.fina.org/project/index.php?option=com_content&task=blogcategory&id=28&Itemid=117)

5. Svanhvít mun fara til Singapore 3.-4 apríl og sækja þar ráðstefnu dómara. Stjórn SSÍ fékk mjög stuttan fyrirvara til að staðfesta fulltrúa sinn en lagði áherslu á að Ísland ætti fulltrúa á ráðstefnunni. FINA og SSÍ deila kostnaðinum við ferðina. M.a. verður farið rækilega yfir möguleikana við notkun myndavéla undir vatnsyfirborði. Reiknað er með að Svanhvít verði dugleg að viðá að sér efni m.a. til notkunar á dómaramámskeiðum.
6. Endurmenntunarnámskeið fyrir dómara verður vonandi hægt að halda fljótlega eftir að Svanhvít kemur frá Singapore, jafnvel einhvern laugardagsmorgun. Dómaramámskeið er áætlað að halda í tengslum við Sparisjóðsmót ÍRB sem verður haldið 14.-16. maí n.k. Bóklegi hluti þess námskeiðs yrði þá 10. og 11. maí. Yfirdómaramámskeið og dómaramámskeið yrðu síðan haldin í upphafi næsta sundárs (haust 2010) og væri þá haustmót Ægis tilvalið sem verklegur hluti.
7. Íslenska útgáfan af vinnubók fyrir starfsmenn sundmóta og leiðbeiningar fyrir starfsmenn sundmóta eru báðar síðan 2006 og þyrfi að uppfæra þær báðar miðað við reglurnar sem tóku gildi í ársbyrjun 2010. Einnig þarf að uppfæra styttrar reglur sem dómamarar hafa stuðst við á mótum. Verið er að vinna í þýðingu og uppfærslu á nýjum og breyttum reglum.
8. Vegna 65 ára afmælis SSÍ er verið að hanna nýtt merki sambandsins. Reiknað er með að þegar það merki verður tilbúið muni verða pantaðir dómaramólin en nokkuð margir dómamarar eiga ekki boli.
9. Enn og aftur þarf að ítreka að félög sem standa fyrir mótum í sinni heimabyggð óski eftir yfirdómara/um til starfa á mótunum og ef það gengur ekki að þá verði sótt um undanþágu fyrir almenna dómara til starfans. Öll félög þyrfu að gera þetta að reglu um leið mótin eru ákveðin.
10. Brýna þarf fyrir yfirdómurum á mótum að dómurum sé sagt að þeir yfirgefi ekki stöður sínar á bakkanum fyrr en annað hvort búíð er að þakka þeim störfin eða verðlaunaafhendingu sé lokið. Einnig að dómamarar sitji tæknifund eftir mótshlutana en fari ekki af staðnum um leið og mótshlutinn er búinn. Þurfi dómari að fara þarf hann að láta yfirdómara vita fyrir mótshlutann.
11. a. Jón Hjaltason (KR) hefur sent dómaramenfdinni uppfærða útgáfu af talningablaði því sem notað hefur verið í 800 og 1500m sundum. Dómaramenfdin þakkar Jóni kærlega fyrir og leggur til að útgáfan verði sett í notkun með lítils háttar lagfæringum.  
b. Ólafur mun fylgja því eftir að nýja útgáfan af talningablaðinu verði aðgengileg á heimasíðu SSÍ ásamt því að skráningarform fyrir dómara á sundmót, sem Gunnlaugur gerði, verði líka sett á síðu SSÍ undir dómaramál.  
c. Umsókn um uppfærslu af dómaramenmalista á lista almennra dómara, hefur borist frá Ingu Hönnu Guðmundsdóttur úr KR. Hefur hún skilað 40 punktum síðan í september 2009 og er samþykkt að hún færist á lista almennra dómara.  
d. Send verður fyrirspurn á dómara hvort þeir hafa áhuga á að starfa innan dómaramenfdar. Einnig hefur verið nefnt að sameina dómara- og mótanefnd til að nýta alla starfskrafta betur. Verður þetta skoðað eftir sundþing SSÍ.

12. Svanhvít mun sjá um að boða til næsta fundar.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Skráning mótasýrslna	SJ	Sem fyrst
FINA listi 16	SJ og ÓB	Í mars
Dómarar á EM og EMU (FINA listar 14 og 15)	SJ og ÓB	Í mars byrjun.

**Fylgiskjöl:** Verklagsreglur dómarnefndar SSÍ varðandi val á mótum erlendis fyrir FINA dómara hjá SSÍ.

**Fundi slitið** kl: 22:20

**Næsti fundur:** Verður boðað til hans.